



Fjölbrotaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

ENSK3YL05 Yndislestur

Kennari:	Kristjana Hrund Bárðardóttir Thelma María Marinósdóttir	kristjanahrund@fsu.is thelma@fsu.is	Sk.st.	KHB TMM
-----------------	--	--	--------	------------

Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á lestri. Nemendur fá bókalista og velja sér fimm verk eftir enskumælandi höfunda. Þeir gera svo grein fyrir skáldsögunum í sérstökum viðtalstímum. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum.

Undanfari: ENSK2OR05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- stjórnámálum, fjölmiðlum og sögu og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
- menningu þjóða þar sem tungumálið er talað sem og eigin menningu í alþjóðlegu samhengi
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- hefðum sem eiga við um ritað mál t.d. mismunandi málsnið

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa, sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð
- nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum
- tjá sig af öryggi um margvísleg málefni
- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á
- átta sig á mismunandi málsniði og stíl í rituðu máli
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í bókmenntaverkum
- leggja gagnrýnið mat á texta
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýnninn hátt
- beita málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmennningarleg efni
- flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
- lýsa skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel
- beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfningu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag

- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin
- tjá tilfinningar, nota hugarflugið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli

Námsefni: Bókalisti í Innu (Efni).

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Próf og verkefni
22 – 26. jan.	Verkefni/Próf 1
12 – 16. feb.	Verkefni/Próf 2
11 – 15. mars	Verkefni/Próf 3
8 – 12. apríl	Verkefni/Próf 4
29. apríl – 8 maí	Verkefni/Próf 5

4/5 verkefnum eru munnleg. Eitt ritunarverkefni. Áætlaður tími fyrir munnleg verkefni er 10 mínútur pr. nemanda.

Sérreglur áfangans:

- Skilaskylda er á öllum verkefnum.
- Ef nemandi er með skráð veikindi eða leyfi í INNU á próftíma getur hann fengið sjúkraprófstíma, annars er einkunnin 0 gefin fyrir prófið.

Fyrirkomulag námsmats:

Hvert verkefni gildir 20% af lokaeinkunn. Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

4. jan. 2024, Selfoss

Kristjana Hrund Bárðardóttir

Thelma María Marinósdóttir
